
373. Vilhjálmur Árnason (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar um að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar um að greina tækifærin sem felast í að fjölga vöruflokkum svansmerkisins og finna hvaða vörur væri heppilegt að taka með í vöruflokka merkisins í því skyni að greiða fyrir umskiptum til sjálfbærs hringrásarhagkerfis og vinna að því að þessar vörur heyri undir svansmerkið. Tillaga þessi byggist á mikilli vinnu og umfjöllun í sjálfbærninefndinni um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Þar höfum við kynnst ýmsum skýrslum sem sýna að líftími rafeindabúnaðar, svo að dæmi sé tekið, er að styttest en aukinn geta búnaðarins og aukin notkun stafrænnar tækni er helsta ástæðan en ekki að neytendur séu ekki að sýna ábyrgð.

Við höfum samt sem áður rætt mikið um hlutverk neytenda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og við að uppfylla heimsmarkmiðin með aukinni sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Það er nauðsynlegt að breyta því hvernig við framleiðum vörurnar og hvernig við neytum, hvernig neyslan okkar er. Ef við viljum raunverulega gera eitthvað til að tryggja sjálfbæra framtíð þá eru það sérstaklega neysla okkar og framleiðsla sem við verðum að breyta. Auðlindaneysla mannkyns er gríðarleg en mikið af henni er í raun óþarfi. Við verðum að skapa meiri verðmæti með minni fjármunum, draga úr kostnaði og lágmarka umhverfisáhrif. Við verðum að gera meira með minna. Neytendur geta skipt miklu máli, hvernig þeir haga neyslu sinni. Við þurfum að láta af slæmum venjum við að henda öllu og kaupa bara nýtt. Stórauka þarf endurvinnslu, viðgerðir á vörum og gera kröfu til þess sem við kaupum, hvort sem það er vefnaðarvara, matur, heimilistæki eða rafeindatæki.

Á Norðurlöndum höfum við notað umhverfisáætlanir í mörg ár og við erum

með sameiginlegt norrænt umhverfismerkjakerfi, svansmerkið. Markmið svansmerkisins er að draga úr umhverfisáhrifum af framleiðslu og neyslu. Svansmerkið hjálpar neytandanum að taka umhverfismiðaðar ákvarðanir. Neytendur þekkja og treysta svansmerkinu. Við í sjálfbærninefndinni viljum því nýta það sem til er, nýta það sem neytandinn þekkir til að auðvelda honum að taka upplýsta ákvörðun við vörukaup og skapa þannig hvata fyrir framleiðendur til að gera betur í að framleiða endingarbetri og endurvinnanlegri vöru. Leggjum við því til að svansmerkið verði endurunnið með því að byggt sé á gildi þess en bætt við vöruflokkum sem undir það heyra. Þannig geta Norðurlönd nýtt sér þau tækifæri og verkfæri sem þau eiga til með því að láta svansmerkið ná til fleiri vörutegunda.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag presenterar här det nordiska hållbarhetsutskottets förslag om att Nordiska rådet rekommenderar Nordiska ministerrådet att utreda möjligheterna i att utöka Svanenmärkets produktgrupper och identifiera de varor som skulle med fördel kunna ingå i produktgrupperna i syfte att främja omställningen till en hållbar cirkulär ekonomi och verka för att dessa varor omfattas av Svanenmärkningen. Bakom förslaget ligger mycket arbete och diskussion i hållbarhetsutskottet om hållbar konsumtion och produktion. Där har vi tagit del av olika studier som visar att elektroniska produkter, för att ta ett exempel, har en allt kortare livslängd och att detta främst beror på att dessa produkter blir allt mer funktionella och innehåller allt fler digitala komponenter, inte på att konsumenterna inte visar ansvar.

Inte desto mindre har vi utförligt diskuterat konsumenternas roll i kampen mot klimatförändringar och i arbetet med att uppnå de globala målen genom mer hållbar konsumtion och produktion. Det är nödvändigt att ändra på hur vi framställer och konsumerar produkter, hur vår konsumtion ser ut. Om vi verkligen vill göra något för att säkra en hållbar framtid måste vi framför allt ändra på vår konsumtion och produktion. Mänskligheten använder kolossala mängder resurser som i många fall inte ens behövs. Vi måste skapa mer värde med mindre kapitalinsatser, minska kostnaderna och minimera miljöpåverkan. Vi måste göra mer med mindre. Konsumenterna

kan spela en stor roll genom hur de styr sin konsumtion. Vi måste bryta den dåliga vanan att slänga bort allt och köpa nytt i stället. Återvinning och reparationer av produkter måste ökas kraftigt och vi måste ställa krav på det vi köper, vare sig det handlar om textilier, mat, vitvaror eller elektroniska produkter.

I Norden har vi använt miljöprogram under många år och det finns ett gemensamt nordiskt miljömärkningssystem, Svanen. Målet med Svanenmärkningen är att minska den miljöpåverkan som orsakas av produktion och konsumtion. Svanenmärket hjälper konsumenten att göra miljömedvetna val. Konsumenterna känner till Svanenmärket och har förtroende för det. Följaktligen vill vi i hållbarhetsutskottet använda de verktyg som redan finns och som konsumenterna känner till för att underlätta informerade val av varor och därigenom ge producenter ett incitament att sätta ökat fokus på tillverkningen av varor med längre livslängd och bättre möjligheter för återvinning. Därför föreslår vi att Svanenmärket återvinns genom att bygga på dess värde men samtidigt öka antalet produktgrupper som kan få Svanenmärkning. På detta sätt kan de nordiska länderna dra nytta av möjligheter och verktyg som redan finns genom att utöka Svanenmärkets produktgrupper.

Information

Talnummer

373

Type

Hovedindlæg

Person

[Vilhjálmur Árnason](#)

Talerrolle

Udvalget for Holdbart Nordens talsperson

Dato

31.10.19 10:47

Sag

[Udvalgsforslag om bæredygtig forbrug og produktion](#)

